



Þjónustusamningur.

(Samþykkt í bæjarráði 12.ágúst 2016)

Daggæslufulltrúi, fyrir hönd Kópavogsbæjar, og undirritað dagforeldri gera með sér svofelldan samning, sem byggir m.a. á reglum Kópavogsbæjar um dvöl barna hjá dagforeldrum.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári framlag vegna dvalar barna með lögheimili í Kópavogi hjá dagforeldri með eftirfarandi skilmálum:

1. Skilyrði fyrir greiðslu er að barnið eigi lögheimili í Kópavogi. Greiðslur geta hafist í þeim mánuði þegar barn er níu mánaða en sex mánaða hjá einstæðu foreldri.
2. Framlag bæjarins er ákveðið að teknu tilliti til þess að dagforeldri innheimti dvalargjald af foreldrum barns. Framlagi skal ráðstafa í þágu þess barns sem það er veitt . Á grundvelli þjónustusamnings er gerður dvalarsamningur fyrir hvert barn, þar sem m.a. kemur nánar fram hvernig dvalargjald er ákveðið að teknu tilliti til framlags bæjarins. Innifalið í dvalargjaldi teljast vera laun fyrir gæslu barna (þ.m.t. orlof), matur, leikföng, viðhald og rekstur.
3. Framlag Kópavogsbæjar skal greiddast út til dagforeldra fyrirfram fyrsta virka dag hvers mánaðar. Framlög eru í samræmi við gjaldandi gjaldskrá hverju sinni.
4. Gera skal þríhliða dvalarsamning staðfestan af foreldri, dagforeldri og daggæslufulltrúa Kópavogsbæjar, við upphaf dvalar hvers barns, þar sem þjónustusamningur þessi og reglur Kópavogsbæjar um dvöl barna hjá dagforeldrum eru lagðar til grundvallar. Dvalarsamningi skal skilað til daggæslufulltrúa eigi síðar en 15. dags næsta mánaðar á undan útborgunardegi. **Afrit af leyfisbréfi skal fylgja þjónustusamningnum.**
5. Dagforeldrum er heimilt að taka leyfi frá daggæslu allt að einum degi á ári sem nýtast í endur- og símenntun og fimm frídaga líkt og kveðið er á um í reglum um dvöl barna hjá dagforeldrum sem eru með þjónustusamning við Kópavogsbæ, 24.gr.
6. Kópavogsbær greiðir 70 stunda grunnnámskeið fyrir dagforeldra vegna leyfisveitinga. Auk þess greiðir sveitarfélagið dagforeldrum með fullgilt leyfi aðstöðustyrk við upphaf starfs, auk afnota af leikfangasafni. Þetta ákvæði á eingöngu við um dagforeldra sem eru starfandi í Kópavogi.
7. Falli þjónusta dagforeldra niður vegna veikinda skal fara með það í samræmi við reglur um dvöl barna hjá dagforeldrum sem eru með þjónustusamning við Kópavogsbæ, sbr. 24. gr. Framlag Kópavogsbæjar fellur ekki niður vegna veikinda í allt að 10 daga á starfsárinu. Starfsár telst frá 1. ágúst til 31. júlí. Greiðsla framlags fellur niður í júlí, nema um annað sé samið.
8. Ef barn hættir hjá dagforeldri í lok maí og fer í leikskóla bæjarins í byrjun júní fær dagforeldri framlag fyrir júnímánuð ef ekki vistast barn í staðinn. Það er skilyrði fyrir framlagi að barnið hafi verið í dvöl hjá dagforeldri frá 1. janúar sama ár. Þetta ákvæði á eingöngu við um dagforeldra sem eru starfandi í Kópavogi.
9. Verði dagforeldrar uppvísir að rangfærslum við tímaskráningu barna vegna framlags á dvalargjaldi eða brot á reglum XI. kafla reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum áskilur Kópavogsbær sér þann rétt að rífta samingi þessum með mánaðarfyrirvara.
10. Dagforeldri veitir Kópavogsbæ heimild til þess að afla upplýsinga frá öðrum sveitarfélögum um fjölda barna sem eru á skrá hjá dagforeldrinu.
11. Samningur þessi er uppsegjanlegur með mánaðar fyrirvara miðað við 1. hvers mánaðar.

Dags: _____

Daggæslufulltrúi

Dagforeldri

Kennitala

Bankanúmer